



BJÖRGVIN

(1931)

I.

Enginn bær hefir farið eins langt fram úr því, sem ég hafði búizt við, eins og Björgvin, er bæjarbúar langflestir nefna Bergen. Er það nafn útlent að uppruna, og „g“ið lint (eins og t. d. í „vegur“). Nafnið Björgvin þýðir engið við björgin, og eru björg þau há og mikil. Tel ég þann kost bæjarins fyrstan, hversu fjöllin eru þar nálægt. Stundarfjórðungi eftir að ferðamaðurinn hefir staðið á torgi stórborgar, í ys og þys, getur hann verið kominn á fjöll, og verður þá að vísu að færa sér í nyt dráttarbraut þá, sem þar til er gerð. Og þegar upp er komið, má setjast á sjálfa fjallsbrúnina og láta jafnvel fætur hanga fram af og líta niður yfir bæinn á grundinni, hinni fornu vin, og í brekkunum. En lengra út gefur að líta eyjar og sund; er þar fjölfarin skipaleið, og mátti sjá þar stundum sama daginn þrjú af hinum miklu farþegaskipum, sem nú eru einnig farin að leggja leið sína til Íslands. En í Björgvin liggja jötunskipin við sjálfan hafnarbakkann; er þar höfn ágæt og aðdjúpt mjög; var það alþýðuskemmtun, eins og víðar, að virða fyrir sér þessi furðuverk nútímans, sem hin stóru farþegaskip eru, og var jafnan, þegar kvöldla tók, múgur og margmenni saman komið á hafnarbakkann.

Flöjfeldet heitir fjall það, sem oftast er nefnt í sambandi við Björgvin, og á því er brúnin, þar sem sitja má svo skemmtilega og horfa yfir. En nafn sitt hefir fjall þetta af ör einni geysmikilli, sem er þar á stöng og sýnir bæjarbúum vindáttina, því

að veðurviti þessi sést vel neðan úr bænum. Flöj er sama sem flaug, er þýðir ör; Flöjfeld: Flaugarfjall. Skammt frá brún er þar veitingastaður kunnur, sem ljómaði mjög í ljósadýrð á kvöldum; kom ég þar aldrei upp á fjöllin að kvöldi dags, en um daga þótti mér gott að sitja uppi á einhverjum fjallkollinum og hugsa um sögu og landafræði Noregs, auk margs annars, að jarðfræðinni ógleymdri. Er þarna mjög ólíkt landslag því, sem á Íslandi er, og bergið mjög miklu eldra.

II.

Ekki má svo stutt skrifa um Björgvin, að ekki sé getið um eina þá mestu bæjarprýði, sem þar er, safnið mikla, Bergens Museum. Er safn þetta bænum til mikils sóma, og hefir nú verið settur þar á stofn háskóli, í sambandi við það. Tvo af prófessorunum var ég svo heppinn að hitta, af því að þeir voru af sérstökum ástæðum staddir í bænum þá dagana, fyrst hinn ágæta dýrafræðing próf. Aug. Brinchmann; var það mér mikilsverð stund, er hann sýndi mér dýrafræðideild safnsins, og þótti mér einkum mikið til koma að sjá kennsludeild þá, er hann hafði útbúið af mikilli snilld; hafði hann, ef ég man rétt, unnið að því í 10 ár, að koma upp deild þessari. Meðal annars, sem próf. Brinchmann sýndi mér, var hjarta úr hval; hafði ég það ekki áður séð; var það býsna myndarlegt líffæri, þó að ekki væri það úr neinum hinna stærri hvala. Kom mér í hug, hversu fróðlegt mundi vera að geta séð starfa í fullum krafti hjarta, sem er að þyngd á við stórt naut, eins og vera mun í hinum stærstu hvölum, og hversu furðuleg vél slíkt er, sem getur haldið áfram að starfa hvíldarlaust í 200 ár eða lengur; er þar mikið íhugunarefni fyrir þann, sem er að virða fyrir sér möguleika lífsaflsins.

Nokku seinna hitti ég forstöðumann alls safnsins, jarðfræðinginn próf. Kolderup. Fór hann með mig og enskan jarðfræðing upp í sveit til að sýna okkur landið. Voru það tiltakanlega góðar stundir, og slíkar, sem mikil þörf er á þeim, sem mjög margar hafa lifað af annarri tegund. Veðrið var yndislegt, landið fagurt og fróðlegt og leiðtuginn framúrskarandi, en Eng-

lendingurinn skemmtilegur félagi og duglegur vísindamaður, enda háskólakennari orðinn, þrátt fyrir ungan aldur; nefni ég ekki nafn hans af þeirri einni ástæðu, að ég er ekki viss um að fara rétt með það. Hinir frægu Björgvinjarbogar voru það — þ. e. bogadregnar fellingar í grjótlögunum —, sem próf. Kolderup var að sýna okkur. Þar fann dr. Hans Reusch fyrst dýraleifar í grjótlögum, sem virtust alls ólíkleg til að hafa slíkt að geyma, og varð þá auðið að vita um aldur jarðlaga þessara og fá nýja og mikilsverða þekkingu á jarðsögu Noregs. Dr. Reusch skrifaði eitthvert sinn mjög vingjarnlega um rannsóknir mínar á Íslandi; var hann einn af helztu vísindamönnum í Noregi um sína daga og veitti forstöðu jarðfræðirannsókn Noregs (Norges geologiske Undersøgelse); er hann nú dáinn, eins og svo margir kunningjar mínir meðal jarðfræðinga í ýmsum löndum. Hér er ekki rúm til að segja nánar frá jarðlögum þeim, sem próf. Kolderup var að sýna okkur, en geta má þess, til marks um breytingar þær, sem þau hafa orðið fyrir, að hnellingar hafa þar flatzt út og orðið að næfurpunnum flögum, svo að varla mundi í fyrstu nokkurn gruna, að flögugrjót þetta var einu sinni hnellingaberg. Annars man ég úr ferð þessari sérstaklega eftir orðunum „latt att grindí“, sem víða mátti lesa, og tveimur sveitapiltum, sem minntu á skipshöfnina á Orminum langa, eftir því sem Snorri segir frá henni; var sá minni þeirra þó á fjórðu alin. — Próf. Kolderup er skörungur mikill, og hefir það sýnt sig í stjórn hans á safninu og starfi að stofnun háskólans; einnig hefir hann verið í bæjarstjórn, og var það að kynnast honum góð hjálp til að skilja þann stórkostlega dugnað, sem hefir starfað að því að byggja Björgvin; af danskri ætt er hann, sömu ættinni og minn gamli, góði kennari í þarafræði, próf. Kolderup-Rosenvinge; en forfeður jarðfræðingsins hafa verið í Noregi síðan um 1600, og má því segja að sú grein ættarinnar sé orðin norsk. Yfirstéttin í Noregi er enn þá að miklu leyti skipuð mönnum af útlendum, einkum dönskum, ættum; veldur það nokkrum klofningi í þjóðinni og á drjúgan þátt í tungumálsvandráðum þeim, sem svo mjög gera vart við sig þar í landi. Sá ég einn rithöfund komast svo að orði, að í rauninni væri rétt að tala um borgarastríð þar í landinu af þessum sökum, og því miður hefir mikið versnað samkomulagið síðan,

eins og kunnugt er, þó að af öðrum ástæðum sé. Er illt til þess að vita, að ennþá skuli norska þjóðin ekki geta notið sín vegna þess, hve ósáttir menn eru innanlands. Eru Norðmenn ein hin stórkostlegasta þjóð, og mikið fannst mér um að sjá æskulýðinn norska. En þjóðin má heita í nokkurs konar álögum enn þá, og norskt atgervi mun ekki láta til sín taka í sögu mannkynsins eins og vera þyrfti og verið gæti fyrr en þeim álögum er hrundið og betra samband fengið en nú er við hið forna norræna mál og menningu.

Hér er það, sem vér Íslendingar gætum komið til sögunnar og veitt frændum vorum mikilsverða hjálp, þó að svo miklu færru séum og smærri. Og það ætti að vera eitt af hinum miklu áhugamálum Íslendinga, að þeirri hjálp yrði komið fram. Væri í því efni sérstaklega mikilsvarðandi, að í öllum norskum barna-skólum væri kennt að skilja íslenzku. En ef það tækist að vekja skilning og áhuga á þýðingu þessa atriðis, þá mundi varla verða torvelt að fá því framgengt. Og svo virtist mér sem óhætt mundi að fullyrða, að norskum börnum mundi ekki verða það erfitt, að læra að skilja og tala íslenzku. (Sbr. grein mína, þar sem á þetta er vikið, í alþingishátíðarblaði „Lögréttu“.)